

SKIPULAGNING ÚTIVISTARSVÆÐA Í SKUTULSFIRÐI

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 18318001

DAGS.: 9. október 2020

HÖFUNDUR: Gunnar Páll Eydal og Jóhann Birkir Helgason

1 Verkefnið

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 12. nóvember 2018 var samþykkt að skipaður yrði starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal, Seljalandsdal og Dagverðardal. Starfshópurinn fékk Verkís til að halda utan um verkefnið. Starfsmenn Verkís voru Jóhann Birkir Helgason verkefnisstjóri, Gunnar Páll Eydal og Eyrún Pétursdóttur.

Tengiliðir f.h. Ísafjarðarbæjar voru Nanný Arna Guðmundsdóttir, formaður starfshóps um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal, Margrét Halldórsdóttir sviðsstjóri íþróttatómstundasviðs og Stefanía Ásmundsdóttir sem tók við starfi sviðsstjóra íþróttatómstundasviðs. Einnig var fundað með öðrum starfsmönnum Ísafjarðarbæjar, svo sem forstöðumanni Skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar.

Markmið verkefnisins er að leggja drög að skipulagi heilsárs útivistarsvæða í Skutulsfirði. Verkefninu er ætlað að nýtast til frekari skipulagsgerðar, hönnunar eða framkvæmda, allt eftir eðli verkefnanna sem um ræðir.

Þegar leið á verkefnið var ákveðið að afurð þess yrði sett fram í svokallaðri vefsíju. Vefsíjan nær yfir Tungudal og nágrenni. Hún var opnuð þann 11. mars 2020 og jafnframt var óskað eftir athugasemdum. Ekki var haldinn íbúafundur eins og upphaflega var áætlað en aukinn kraftur var settur í samtal við hagsmunaaðila. Ísafjarðarbær fékk erlenda ráðgjafa til að greina möguleg tækifæri fyrir skíðasvæðið og því var ekki lögð áhersla á það í þessu verkefni. Ekki fór fram kostnaðarmat á einstökum framkvæmdum eins og til stóð í upphafi verks. Æskilegt er að frumhönnun liggja fyrir áður en slíkt mat verður gert.





2 Tímalína

- 12. nóvember 2018: Bæjarráð samþykkir að skipaður verði starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal, Dagverðardal og Seljalandsdal.
- 19. nóvember 2018: Samningur undirritaður við ráðgjafa. Gerður var annar samningur um seinni hluta verkefnisins. Hann var undirritaður 4. janúar 2019.
- Desember 2018-janúar 2019: Gagnaöflun og samtal við hagsmunaaðila.
- 21. janúar. 2019: Fundur með starfshópi um skipulag útivistarsvæða í Tungudal, Seljalandsdal og Dagverðardal. Ráðgjafar kynna það sem gert hefur verið og rætt um framhald verkefnis.
- Febrúar-apríl 2019: Úrvinnsla, greiningar og gerð vefsjár.
- 11. mars 2020: Vefsjá með skipulagstillögum opnuð almenningi og viðbragða óskað.

3 Verkefnavinna

3.1 Samtal við notendur

Rætt var við notendur svæðisins, þ.e. félagasamtök og hópa sem koma að nýtingu svæðisins með skipulögðum hætti. Fundað var með þessum aðilum en einnig var upplýsinga aflað með tölvupóstsamskiptum og símtölum. Óskað var eftir upplýsingum um núverandi nýtingu, vandamál, hagsmunaárekstra, fyrirhugaða nýtingu, framtíðarhugmyndir og framtíðarsýn félaganna. Í viðauka má sjá samantekt úr þessum samtölum. Rætt var við eftirfarandi aðila:

Ferðafélag Ísafjarðar	Gönguleiðir
Hjólreiðadeild Vestra	Hjólaleiðir
Hestamannafélagið Hending	Reiðleiðir
SFÍ (svigskíði og gönguskíði)	Skíði
Rekstraraðili tjaldsvæðis	Uppbygging tjaldsvæðis
Golfklúbbur Ísafjarðar	Golf
Blakdeild Vestra	Strandblak
HSV og útihreysti	Íþrótta- og æfingaaðstaða
Riddarar Rósu	Útihlaup
Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar	Uppbygging skíðasvæðis
Skógræktarfélag Ísafjarðar	Skógrækt
Upplýsingamiðstöð ferðamanna	Ferðapjónusta og móttaka ferðamanna
Ferðamálasamtök Vestfjarða	Ferðapjónusta og móttaka ferðamanna
Skotíþróttafélag Ísafjarðar	Skotfimi

3.2 Öflun upplýsinga og greiningarvinna

Í kjölfar upplýsingaöflunar og samtals við hagsmunaaðila voru landfræðilegar upplýsingarnar hnitsettar og frekari greiningarvinna unnin. Upplýsingarnar voru færðar inn í vefsjá.



3.3 Kynning afurðar

Vefsja verkefnisins, sem inniheldur tillögur fyrir skipulag, var opnuð þann 11. mars 2020 á vefsíðu Ísafjarðarbæjar: <https://www.isafjordur.is/is/moya/news/vefsja-fyrir-utivistarsvaedi>

Vefsjáin nær aðeins yfir Tungudal og nágrenni. Með opnun vefsjárinnar óskaði starfshópurinn eftir ábendingum og hugmyndum frá íbúum varðandi framtíð og uppbyggingu svæðisins.

4 Niðurstöður

Verkefnið skapar góðan grunn fyrir frekari uppbyggingu heilsárs útivistarsvæða í Skutulsfirði á skipulags-, hönnunar- og framkvæmdastigi. Verðmætar upplýsingar söfnuðust í verkefninu í samtali við notendur útivistarsvæðanna. Ljóst er að til staðar er metnaður til að gera Skutulsfjörð að fyrsta flokks heilsárs útivistarsvæði með fjölbreyttri aðstöðu og þéttu neti útivistarleiða. Það er góður samhljómur á meðal þeirra sem rætt var við um nýtinguna. Þeir kalla eftir skýrri framtíðarsýn Ísafjarðarbæjar og skipulagðri uppbyggingu. Mikill auður og kraftur er í þessum félögum sem vilja leggja sitt af mörkum í uppbyggingu svæðisins.

5 Framhald verkefnis

Hér eru settar fram hugmyndir um framhald verkefnisins. Mikilvægt er að halda áfram með verkefnið og svara kalli notenda. Það vantar ekki mikið upp á til að afurðin geti orðið heildstæður leiðarvísir til uppbyggingar svæðisins, þ.e. með tilliti til skipulags, hönnunar og framkvæmda.

5.1 Viðbót við vefsja

Æskilegt er að færa inn í vefsjána upplýsingar sem þegar liggja fyrir en ekki náðist að koma þar inn. Um er að ræða upplýsingar um fyrirhuguð skógræktarsvæði, tjaldsvæðið og blakvöllinn í Tungudal. Með þessum viðbótum má segja að vefsjáin nái vel utan um nýtingu sem tengist tómsundum og útivist í dalnum.

5.2 Kynning

Kynning og frekara samtal við notendur og íbúa, t.d. á kynningarfundum. Þau gögn sem þegar eru birt í vefsjónum eru góður grunnur til frekara samtals, þar sem skoða má áherslur ólíkra hópa og greina mögulega árekstra eða leiðir til samnýtingar.

5.3 Áfangaskipting verkefna

Nánari lýsing á mögulegum uppbyggingarverkefnum auðveldar áfangaskiptingu þeirra. Jafnframt skapa þessar upplýsingar góðan grunn fyrir frumhönnun og kostnaðarmat. Taflan sýnir dæmi um hvernig slík samantekt getur verið.

Verkefni	Lýsing	Ábyrgðaraðili Samstarfsaðili	Staða skipulags



5.4 Frumhönnun

Á grundvelli áætlunar um áfangaskiptinu verður frumhönnun fyrir einstakar framkvæmdir gerð tímanlega. Æskilegt er að færa upplýsingar um framkvæmdir inn í vefsíðana.

5.5 Kostnaðarmat

Kostnaðarmat einstakra verkefna skv. frumhönnun. Kostnaðarmat er mikilvægt fyrir áætlunargerð og ákvarðanatöku og kann að hafa áhrif á forgangsstöðun verkefna.

6 Viðauki – samantekt úr samtölum við hagsmunaaðila

Ferðafélag Ísafjarðar

Áhugi er á að stíga fleiri gönguleiðir og gera litlar göngubrýr þar sem þess þarf. Hönnun þarf að vera í sátt við alla aðila og nýta ætti hjólastíga líka sem göngustíga. Mikilvægt er þó að leikreglur séu til staðar fyrir þá sem nýta stígana. Nefndar voru ákveðnar leiðir sem áhugi er á að byggja upp.

Skotípróttafélag Ísafjarðar

Félagið vill finna nýjan stað fyrir skotsvæðið sem nú er í Dagverðardal. Rætt hefur verið um Seljalandsdal og Seljadal. Aðgengið að núverandi stað er mjög slæmt. Fram þarf að fara staðarvalsgreining.

HSV og æfingahópar

Áhugi er á að sett verði upp æfingataeki í Tungudal fyrir skipulagða æfingahópa og almenning sem nýtir svæðið í auknu mæli. Einnig væri áhugavert að hafa slík tæki í Torfnesi. Æskilegt að hafa tækin einföld og í takt við umhverfið. Fram kom tillaga að stöðum fyrir tækin. Merkingar þurfa að vera í lagi. Stígar þurfa að vera góðir og tengingar úthugsaðar. Einnig var rætt um göngu- og hjólaleiðir.

Rekstraraðili tjaldsvæðisins í Tungudal

Vagnar og farartæki hafa stækkað og því þarf að huga að undirlagi á tjaldsvæðinu. Stækka þarf svæðið og útfæra það þannig að bílar geti ekið að tjöldum. Nægt rými er fyrir neðan blakvöllinn. Áhugavert væri að fá fleiri leiktæki á svæðið. Einnig væri áhugavert væri að sjá smáhýsi á svæðinu til útleigu fyrir gesti, slíkt myndi auka fjölbreytnina og lengja ferðamannatímann. Bæta þarf aðkomu að svæðinu, m.a. fyrir rútur. Tækifæri eru tengd skemmtiferðaskipum og hefur verið ágæt samvinna á milli ferðaskrifstofa og rekstraraðila tjaldsvæðisins. Þessi mál þarf að skoða betur. Drena þarf svæðið og huga að öðrum innviðum (svo sem rafmagni). Byggja þarf nýtt þjónustuhús fljótlega og bæta aðstöðuna, en núverandi hús er mikið notað. Áhugavert væri að hafa samkomusvæði í jaðri svæðisins með t.a.m. grillaðstöðu og eldstæði. Lundur skógræktarfélagssins utan við tjaldsvæðið gæti verið heppilegur í þetta. Bæta þarf við aðstöðu fyrir skólþrosun húsbíla og hjólhýsa og fjölga vöskum. Bæta mætti merkingar gönguleiða og fjölga gönguleiðum, t.d. upp í gönguskíðaskála frá tjaldsvæðinu, jafnvel þannig að troðari geti farið um hann. Setja þarf reglur um lausagöngu hunda. Finna þarf lausn á bílastæðum fyrir strandblakvöllinn, þannig að notendur hans valdi ekki ónæði á tjaldsvæðinu.

Skógræktarfélag Ísafjarðar

Skógræktarfélagið hefur áhuga á áframhaldandi skógrækt í Skutulsfirði. Félagið sér fyrir sé þessa staði:

- Milli Grænagarðs og Engis, niður að Seljalandsvegi.
- Hafrafellsháls og tengja við skóginn ofan Stórhólts.



- Frá Þjóðvegi í Tungudal og að göngustíg sem liggur að Tungudalsvirkjun, jafnvel nær Tunguá.
- Ofan og utan við Hjallaveg.
- Stækkun á Síðuskógi, innan við Seljaland í átt að sumarhúsasvæði.
- Félagið vill einnig leggja stíg í Tungudal, með brú yfir Tunguá, í samstarfi við Ísafjarðarbæ.

Aðalstígar þurfa að vera breiðir þannig að þeir geti nýst sem flestum, t.a.m. gönguskíðafólki. Aðrir stígar geta verið mjórri. Félagið gerir ráð fyrir að fara í samstarf með hjólreiðadeild Vestra. Hjóladeildin vill gjarnan leggja stíg í gegnum skóginn í Tungudal og innan við Seljaland. Skógurinn er einmitt útivistarskógur fyrir bæjarbúa og því vill félagið gjarnan leggja stíga og gera lundi í samstarfi við önnur félög þannig að hægt sé að nýta svæðið til útivistar.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna

Ferðamenn eru almennt ánægðir með gönguleiðir og útivistaraðstöðu á svæðinu. Fólk af skemmtiferðarskipum fer mikið inn í Tungudal og upp á Seljalandsdal. Margir ganga frá Skíðheimum niður snjóflóðavarnargarðinn og á stígakerfið þar fyrir neðan. Einnig fara margir inn á svigskíðasvæðið og þaðan niður í Tunguskóg. Mögulega þyrfti að stika vinsælustu leiðirnar. Margar þekktar fjallaleiðir geta reynst erfiðar fyrir erlenda gesti sem þekkja aðstæður hér ekki vel. Nefnd voru dæmi um leiðir sem ásókn hefur verið í, eða gætu verið áhugaverðar. Útsýni frá Þverfjalli er gott og hægt væri að gera meira úr þeim áfangastað. Gestir hafa spurt hvort hægt sé að hjóla yfir Breiðadalshéið en það vantar tengingu við neðsta hlutann í Breiðadal. Hugmyndir hafa verið settar fram um að færa gönguskíðaskálann ofar, þannig að hann tengist betur svigskíðasvæðinu. Það gæti einnig gefið kost á þægilegri skíðabrautum fyrir byrjendur og eldri borgara.

Skíðafélag Ísfirðinga – alpasvæði

Gerður hefur verið uppbyggingarsamningur við Ísafjarðarbæ. M.a. stóð til að setja upp „töfrateppi“ fyrir byrjendur. Undanfarið hefur verið aukinn þungi í umræðunni um að gera róttækar breytingar á skipulagningu svæðisins, þ.e. færa lyftur og aðstöðu. Það er óheppilegt og óhagkvæmt að það skuli vera tveir upphafsstaðir fyrir skíðasvæðið (ganga – alpa). Félagið telur mikilvægast að gerð verði fagleg úttekt á framtíðarmöguleikum skíðasvæðisins og í framhaldinu mótuð stefna um uppbyggingu þess. Ókostir svigskíðasvæðisins eru m.a. þeir að svæðið liggur lágt og er í skugga stóran hluta opnunartímans. Snjóframleiðsla virðist eiga erfitt uppdráttar vegna hlýinda. Það er erfitt að leggja í fjárfestingu og byggja upp núna ef gera á róttækar breytingar í náinni framtíð. Áhugavert er að tengja svæðið betur við sumarnýtingu, t.d. í tengslum við hjól sbr. önnur skíðasvæði hér á landi. Almennt eru ekki miklir árekstrar við aðra útivistarhópa. Rætt hefur verið um að setja upp leiksvæði fyrir krakka og einnig hafa verið settar fram hugmyndir um að gera svæðið að fólkvangi. Mikilvægast nú er að gerð verði fagleg úttekt á framtíðarmöguleikum skíðasvæðisins og að framtíðarsýn og skipulag fyrir Tungudal, Seljalandsdal og önnur útivistarsvæði í Skutulsfirði taki mið af henni.

Skíðafélag Ísfirðinga - göngusvæði

Mikilvægt að hækka svæðið og hafa einn sameiginlega skála með alpasvæði, t.d. á Háubrunn við Sandfell. Nýta á Tunguskóg undir gönguskíði og leggja brautir inn í skóginum. Þar er golfskáli og húsnæði á tjaldsvæðinu sem hægt er að nýta undir þjónustu. Mjög mikilvægt að tengja skíðasvæðin saman þannig að fjölskyldur tvístrist ekki og geti komið saman í einum skála. Koma ætti fyrir vatnsveitu þannig að snjóframleiðsla verði valkostur. Gott væri að setja upp leiktæki, rólur, vegasölt, útigrill álíka og í Kjarnaskógi. Fara þarf í landmótun á brautum, setja upp brýr og hóla fyrir skicross. Drena þarf brautir, græða upp og setja upp snjógirðingar. Til framtíðar væri flott að sjá malbikaða stíga um Skutulsfjörðinn sem nýtast undir hjólaskíði. Núverandi stígar eru of mjóir og henta ekki gönguskíðum og gangandi fólki saman.



Framtíðarsýn: Svæði sem hægt er að nota allt áið um kring fyrir útiveru og íþróttir. Forgangsaðriði í því er að færa skála og koma fyrir snjóframleiðslukerfi og halda áfram að móta brautir.

Hjólreiðadeild Vestra

Markmið deildarinnar er að auka velferð hjólreiða á vestfjörðum, byggja upp svæði og koma fleirum út að hjóla og njóta þess að vera úti. Félagið stefnir á að efla hjólreiðaíþróttina, m.a. með því að fjölga hjólaleiðum og sýna fram á möguleikann á að nota hjól sem samgöngutæki og til heilsueflingar. Félagið leggur áherslu á að höfða til þeirra barna sem ekki hafa fundið sig í hefðbundnum íþróttum. Hjólreiðar eru fjölskylduþrótt sem fjölskyldan getur stundað saman.

Félagið afhenti kort með hjólaleiðum: Leiðir sem búið er að leggja – leiðir sem eru í vinnslu og búið er að stika – aðrar hugmyndir að mögulegum leiðum.

Hugmynd félagsins að búa til net hjólaleiða af mismunandi erfiðleikastigum. Leiðir fyrir byrjendur en einnig fyrir lengra komna og með möguleika á að halda keppnir. „Enduro“ leiðir þar sem farið er niður brattar hlíðar og svo cross-country eða ferðaleiðir þar sem farnar eru auðveldari leiðir, oft lengri. Leiðin frá Botnsheiði og niður Kubban er krefjandi, sérstaklega seinni hlutinn. Seljalandsdalurinn býður uppá leiðir með minni bratta.

Mikilvægt að þessar leiðir geti tengst, þannig að hægt sé að fara mismunandi langa hringi (styttingar eða tengingar inn á milli lengri hringa). Hægt er að nýta vinnuslóða sem tengjast skíðasvæðinu. Leiðirnar eru hannaðar með aðgengi og útsýni í huga. Sjálfsagt að nýta þessar leiðir líka til göngu og almennt er það ekki vandamál. Í skóglendi þarf þó mögulega að hafa aðskildar göngur- og hjólaleiðir eða þar sem er mjög bratt og blint. Mögulega þarf að aðskilja leiðir þar sem mjög margir ganga, t.d. farþegar skemmtiferðaskipa.

Riddarar Rósu

Riddarar Rósu nýta stígana í Skutulsfirði mikið, sérstaklega stíginn meðfram Skutulsfjarðarbrautinni og út í Hnífsdal og einnig „bumbuhringinn“. Einnig hefur félagið notað slóðana við varnargarðana mikið. Nýi stígurinn í Fjarðarstræti er góð viðbót og félagsmenn eru spenntir fyrir hringtengingu í Tunguskógi. Almennt eru árekstrar við aðra notendur ekki vandamál hjá iðkendum. Áhugi er á að tengja Seljalandsdal við Tungudal/Dagverðardal og að settar verði upp hreystistöðvar sem nýst geta á æfingum. Stígur um Sundstræti í framhaldi af Fjarðarstrætisstígunum væri mjög góð viðbót. Ekki má gleyma viðhaldi stíga.

Blakdeild Vestra

Strandblakvöllurinn í Tungudal er nýttur til æfinga fyrir félagsmenn en er öllum opinn til útivistar og íþróttaiðkunar. Blakvöllurinn nýtist gestum á tjaldsvæðinu einkar vel. Sandurinn og svæðið í kring hefur verið nýtt til æfinga hjá þeim sem stunda skipulagðar útiæfingar. Á svæðinu eru borð, grill og vatnskranar. Hönnunarteikningar gera ráð fyrir trjám til skjólmyndunar og leiktækjum fyrir börn. Það væri einnig áhugavert að setja niður íþrótt- eða hreystitæki í nágrenni við völlinn sem æfingahópar gætu nýtt.

Blakdeildin sér fyrir sér að Tungudalur verði samkomustaður fyrir þá sem vilja stunda íþróttir og útivist en einnig skemmtilegt leiksvæði fyrir fjölskyldur. Bæta má tenginguna við tjaldsvæðið. Búast má við auknum fjölda ferðamanna á svæðið og miða þarf aðkomu og aðstöðu í Tungudal við það. Mikilvægt er að hafa góðar tengingar frá Tungudal við göngu- og reiðleiðir í nágrenninu (Seljalandsdalur og heiðarnar). Mikilvægt er að allir vinni saman að því að efla svæðið – vinni að sameiginlegu markmiði eða sýn. Ekki má gleyma að huga að ásýnd og umhverfi við skipulagningu og hönnun.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar



Vonast er til að gerð verði úttekt á skíðsvæðinu og framtíðarmöguleikum þess. Ísafjarðarbær er í sambandi við ákveðið erlent fyrirtæki vegna þessa. Áhugavert væri að þróa heilsárssvæði og hafa sameiginlegan skíðaskála (upphafsstað) fyrir göngu- og svigskíðasvæðin. Það er óhagræði að hafa svæðið tvískipt. Skoða þarf möguleika á færslu á lyftum, aðkomu og skálum. Skálinn er þröngur miðað við starfsemina sem er þar nú. Nýting svæðisins er of lítil í dag. Hugsu þarf svæðið til lengri tíma og gera áætlun sem allir geta unnið eftir.

Ferðamálasamtök Vestfjarða

Ferðamenn koma nú mikið á eigin vegum og því er mikilvægt að merkingar á göngu- og hjólaleiðum séu í lagi, einnig á netinu. Mikilvægt er að hafa samfellu í stígakerfi, þ.e. að það vanti ekki einhverja búta inn í. T.d. væri flott að hafa leið frá Króki inn í Dagverðardal sem væri hægt að ganga, hjóla og fara á gönguskíðum. Mikil tækifæri eru í að hafa stíg innanbæjar eða í jarði þar sem almenningur getur farið á gönguskíðum án þess að hafa brekkur. Hugsanlega er hægt að nota núverandi stíg frá Hnífsdal inn í Holtahverfi. Hægt að troða þessar leiðir meðan veðrið er slæmt á fjöllum. Mikil tækifæri eru í gönguskíðum og hjólum á næstu árum.

Ferðamenn fara mikið inn í Tungudal og þar vantar aðeins upp á til að gera svæðið mjög flott fyrir alla. Má t.d. nefna útisvæði, svið, grill, leiktæki góðar merkingar og jafnvel heita potta. Mikil tækifæri eru á Seljalandsdal. M.a. er hægt að setja þar leiktæki og bæta merkingar. Með því að ganga betur frá göngubrautum er hægt að nýta þær líka til að hjólreiða og hlaupa. Hægt er að gera þetta spennandi heilsárssvæði. Við Búrfell er skáli frá Fossavatninu sem hægt væri að nota í fleiri greinum, s.s. fjallaskíðum, hjólum. Til stendur að setja annan skála við Nónvatn sem gæti einnig nýst öðrum. Skoða ætti hvort hægt sé að opna aftur yfir Breiðadalsheiði fyrir bíla.

Hestamennafélagið Hending

Hringur milli Engidals og Dagverðardals væri upplagður fyrir hestamenn. Skemmtileg dagleið er inn Engidal að Nónvatni og niður veginn í Dagverðardal. Gott væri að geta brúað Langá í Engidal í samvinnu við aðra aðila og ná þar stuttum hring. Samvinna hefur verið við skipuleggjendur Fossavatnsgöngunnar með slóða. Mesta notkun hestamanna er í Engidal en á sumrin þurfa þeir að komast til Þingeyrar. Leggja á mesta áherslu á leiðir í Engidal og svo yfir í Dagverðardal. Reiðleiðir eru merktar í gildandi Aðalskipulagi (2008-2020).